

Fundargerð

324. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
6. apríl, 2016, kl 15.30 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Húsnæðismál**
- 4. Kjaramál**
 - a. Sambandið
 - b. Ríkið (bókanir)
- 5. Fulltrúar á Aðalfundi BSRB 26. maí 2016**
 - a. Aðildargjöld til BSRB (vantar reikninga félagsins)
- 6. 1. maí**
 - a. Fánar og flögg
 - b. Auglýsingar
 - c. Ósk um fjárframlag vegna 1. maí
- 7. Fulltrúapings SLFÍ 2016**
 - a. Starfsmenn þingsins
 - b. Fyrirlestur eftir hádegi
 - c. Ársreikningar Suðurnesjadeildar
- 8. EPN dagar**
- 9. Staðan hjá „afmælisársnefndinni“**
- 10. Styrkbeiðni vegna vorferðar lífeyrisdeildar SLFÍ**
- 11. Meðferð á stöðu mála vegna forystufræðslu**
 - a. Kostnaður af námskeiði
 - b. Ferðakostnaður vegna námskeiðs.

Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna til fundar.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG) framkvæmdastjóri SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Húsnæðismál

KÁG fór yfir að inni á alþingi er verið að vinna frumvarp um húsnæðisleigukerfi sem byggja mun á íbúðarfélögum. ASÍ hefur ákveðið að stofna íbúðaleigufélag og hefur undirritað samkomlag við Reykjavíkurborg um ókeypis lóðir fyrir 1000 hagkvæmar íbúðir. Leigukerfið verður fyrir þá sem eru á lægstu laununum. Umræður eru innan BSRB um að vera með í uppbyggingu þessa kerfis og verður það rætt áfram innan bandalagsins.

4. Kjaramál

Fram kom að skrifað var undir kjarasamning við sveitarfélögin aðfaranótt laugardagsins 2. apríl. Samningurinn er á svipuðum nótum og önnur félög hafa samið við sveitarfélögin. Samningurinn er í kynningu og greidd verða atkvæði um hann á næstu dögum. Atkvæðagreiðslu lýkur sunnudaginn 10. apríl kl. 13.00. SNS var ekki með umboð frá Brákarhlíð í Borgarnesi, en samið verður við þá sérstaklega.

Illa hefur gengið að fá fulltrúa fjármála- og velferðaráðuneytanna til vinnu við að fylgja eftir bókunum í síðasta kjarasamningi við ríkið. Áfram verður þrýst á ráðuneytin því vinnu við bókun varðandi stubbavaktri o.fl. á að vera lokið samkvæmt bókun.

KÁG fór yfir að sjúkraliðar á hjúkrunarheimilinu á Eyrarbakka fái ekki að vera í SLFÍ. Fyrir liggja beiðnir frá 4 sjúkraliðum sem starfa þar um aðild að félaginu og hefur verið óskað eftir samningafundi með vinnuveitanda.

5. Fulltrúar á aðalfund BSRB 26. maí 2016

KÁG fór yfir að SLFÍ eigi 6 fulltrúa á aðalfundinum. Ákveðið var að framkvæmdastjórn félagsins verði fulltrúar og Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri SLFÍ. Fyrir liggur að aðildargjöld félagsins munu eitthvað hækka á næsta ári vegna breytinga á útreikningreglum. Reikningar félagsins liggja ekki fyrir, en eru væntanlegir fljótlega, en þeir liggja til grundvallar greiðslunum aðildagjalda.

6. 1. maí

Rætt var um hverjir færu yfir flögg og fána og gengju úr skugga um að þau væru öll félaginu til sóma. Ákveðið var að Reykjavíkurborg sjái um að allt verði klárt fyrir gönguna. Rætt var um að dagskrá 1. maí verði birt á heimasíðu SLFÍ.

Félagið mun auglýsa kröfugönguna í fjölmiðlum tímanlega. KÁG mun verða ræðumaður opinberra starfsmanna á Ingólfstorgi.

Óskað hefur verið eftir fjárstuðningi frá SLFÍ til 1. maí hátíðarhaldanna á Selfossi.

Ákveðið var að styrkja hátíðarhöldin á Suðurlandi um 60.000 kr.

7. Fulltrúaþing

Fyrir liggur hverjir verða ritarar þingsins, sem eru sömu ritarar og í fyrra og viðbótarritari komi frá Vestmannaeyjadeild, en ekki hafa fengist tillögur um forseta. Rætt var um hver gæti verið með áhugaverðan fyrirlestur á þinginu. Ákveðið var ræða við Andra Snæ Magnason (GÖG gerir það). Ákveðið var að biðja Margréti Auði Óskarsdóttur frá Suðurlandi og Kristínu Ólafsdóttur Reykjavíkurdeild um að vera forsetar þingsins.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (JJS) gjaldkeri SLFÍ gerði grein fyrir að reikningar Suðurnesjadeildar lægju nú fyrir.

8. EPN dagar

Farið var yfir stöðuna varðandi fundi, ráðstefnu og ferð vegna EPN á komandi vori. Fram kom að flest er að verða klárt varðandi alla umgjörð.

9. Staðan hjá „afmælisársnefndinni“ SLFÍ

Kristín Ólafsdóttir (KÓ) varaformaður SLFÍ og fulltrúi í afmælisársnefnd SLFÍ gerði grein fyrir að flest væri klárt, en margt væri enn í vinnslu.

10. Styrkbeiðni vegna vorferðar lífeyrisdeildar SLFÍ

Beiðni hefur borist frá lífeyrisdeild SLFÍ um stuðning við vorferð deildarinnar á komandi vori. Ákveðið var að hafa sama hátt á og áður.

11. Meðferð á stöðu mála vegna forystufræðslu

KÁG fór yfir að námskeið væru að fara af stað. Rætt var um að þessi námskeið væru greidd og ferðakostnaður. Ákveðið að þessir kostnaðarliðir verði greiddir.

Önnur mál

Engin önnur mál